


Fyrsti hópur jarðvísindanema í Breiðdalssetri

Fyrsti stúdentahópurinn sem kemur í Breiðdalssetur til rannsóknna og náms eftir að setrinu var komið á fót dvaldi þar í lok ágúst og byrjun september. Hópin leiddi Þorvaldur Þórðarson, prófessor í jarðvísindum við Háskólann í Edinborg. Lögð var áhersla að skoða gosbergsmýndanir og gosbergsstafla. Þorvaldur segir gríðarmikla möguleika felast í Breiðdalssetri og jarðfræðisafni Georges Walker.

Þorvaldur kom ásamt frönskum kollega sínum með fimn nema sem lokið hafa hefðbundnu jarðvísindanámni og eru nú í eins árs mastersnámi sem undirbúningi fyrir doktorsnám. Mastersnáminu fylgir ferð út í náttúruna til að skoða hlutina á vettvangi. „Þegar seftrið á Breiðdalsvík var komið í gang með góðri aðstöðu varð ofan á að fara með hópin hingað,“ segir Þorvaldur. Hópurinn dvaldi í sex daga við nám



Þorvaldur Þórðarson og Ian Gibson ásamt jarðfræðinemum frá Edinborgarháskóla í Breiðdalssetri.

Mynd/SÁ og athuganir. „Hér er frábær jarðfræði og mögulegt að skoða hana frá öðru sjónarhorni en vant er, þá er að segja

í þriðju vidd og þá einkum í eldfjallafræðinni. Við erum með mörg verk eldfjöll um allan heim sem unnt er að

skoða, en einvörðungu á yfirborði. Hér sér maður þversniðið á jarðlögum og eldstöðvum. Ég setti því ferðina saman þannig að við myndum verja mestum tíma hér og byggja okkar athuganir og nám á þeim grunni sem Walker lagði með rannsóknum sínum á svæðinu. Premur dögum verjum við svo á Mývatni og í Óskju til að gefa nemo- um mynd af því hvernig virkt svæði litur út.“

Samkeppnin um háskólahópa í námsferðir er hörð og segir Þorvaldur Ítalíu, Gríkkland og Tyrkland vinsæl svæði. Ísland eigi stórkostlega möguleika á þessum vettvangi en það sé líkt og margt annað spurning um markaðssetningu. Hann reiknar með að framhald verði á komu jarðvísindanema frá Edinborgarháskóla í Breiðdalssetur og væntanlega verði hóparnir þá fjölmennari.

Dr. Ian Gibson hvetur íslenska jarðvísindamenn til að rannsaka jarðfræði Austurlands nánar

Fjöllin lesin í látlausri bleytuíð

Skoski jarðvísindamaðurinn Dr. Ian Gibson heimsótti Breiðdalssetur dagana 15. til 26. ágúst síðastliðinn. Hann var annar í röð doktorsnema jarðfræðingna Georges Walkers og var við rannsóknir á Austurlandi með Walker á árunum 1959 til 1962. Walker markaði djúp spor í jarðfræðipokkingu samtímans og stundaði um árabil rannsóknir á Austurlandi. Í Breiðdalssetri má nú finna yfirlitsskipti safn gagna frá rannsóknum hans hérlendis.

Fimm tíu ár eru síðan Gibson kom fyrst til Íslands, þá tvítugur aldri. „Ég kom fyrst til Íslands 1959 og vann þá við rannsóknir í Berufirði,“ sagði Gibson í samtali við Austurgluggann í Breiðdalssetri. „Veðrið var skíflegt allt sumarið. Við vorum tveir og líflum, merkilegt nokk, sumarið af! Walker stakki í framhaldinu upp á að ég kunnist að Reyðarfjarðarældstöðina, sem ég og gerði. Næstu þrjú sumur fóru í það, tveir mánuðir í hvert sinn.“

Gibson dvaldi í fjaldi þessi sumur og lengst af einn. Hann kynntist konu sinni Rosalind í Íslandi, en hún kom ásamt bróður sínum og vini hans siglandi með Herðubreið frá Reykjavík austur til Eskifjarðaríð 1962. „Við gengum Austurfirði í viklu. Fyrst dvöldum við eina nótt á eyðibýli í Eskifirði, gengum þaðan yfir fjöllin í Viðfjörð þar sem við gístum á öðru eyðibýli. Næst fórum við yfir firðina og inn í Norðfjörð og vorum um nóttina í sumarbústað í eigu Björns Björnssonar kaupfélagsstjóra á Norðfirði. Þá fórum við yfir fjöllin yfir á veginn frá Eskifirði til Reyðarfjarðar og sváfum í rauða seluhúsinu þar. Þaðan lá leiðin yfir að Jökulsá á Brú og við gístum í samkomuhúsinu á svæðinu. Svo fórum við í Egilsstaði og gengum far upp að innsta bæ í Jökuldal, þar sem við fengum að sofa í hólubú. Þaðan gengum við að Snæfelli á einum degi,

sem var löng dagleið man ég. Við sváfum í skalanum og gengum á fjallið næsta dag. Það var magnað og meira að segja þurr og bjart útsið vorum á niðurlæði, þá sótti vindurinn í sig veðrið og það byrjaði að snjója á okkur. Snjökoman varði í tólf klukkustundir. Við gístum í Laugafelli og lukum svo ferð okkar á Egilsstaði. Það rigndi allan tímann sem við vorum í þessari ferð, það stytta hreinlega aldrei upp og það var örtrúlega blautt og sárálitlið skyggni! Þvílík ferð til að kynnst verðandi eiginkonu sinni! Einhvers staðar í þessari ferð ákváðum við Rosalind að gifta okkur.“

Hlaupið yfir fjöllin eftir pósti

Sumrin sem Gibson var við rannsóknir var hann eins og áður segir fjaldbúi. „Ég fjaldaði skammt frá Eyri í Reyðarfirði og kynntist fólkinu þar ekki neitt. Hélt mig út af fyrir mig með bakurnar minnar, sem að megninu til voru klassískar bókmennir eins og Dickens og Dostojevski, sem ég las þegar veðrið var vont. Að kortlegga jarðfræðina var afar áhugavert, þetta var allt svo nýtt og margt að sjá. Um tíma fjald- aði í norðanverðum Fáskrúðfirði, ekki langt frá þéttbýlinu. Svo setti ég mig niður sunnanmegin og líka norðanvergi í Stöðvarfirði. Í hverri viklu fór ég í buðina á Stöðvarfirði til að kaupa mat og steinolíu. Ég gekk yfirleitt og leiðin var löng. Ég náði í póstin minn yfir í Fáskrúðfjörð og gekk þá fram hjá Sandfellinu, yfir fjöllin og niður og til bakka sömu leið á einum degi. Ég var yngri þá! Heimamenn litu ekki við hjá mér, þeir spurðu einskis og kannski voru þeir feimnir við þennan furðulega útdæningi í fjaldinu. Þetta var á tímum Þorskarstórans og kannski hafði það áhrif. Björn Björnsson kaupfélagsstjóri reyndist mér vel og útvegaði mér raunar

vist í skíðaskalanum í Oddsskarði, sem var ákaflega þægilegt. Þar var meira að segja útvarp. Ég man aðeins eftir samskiptum við Björn, góðum samskiptum og við áætlanir mann á Fáskrúðfirði, Lúðvík Yngvarsson, sem er nú á níræðisaldri í Reykjavík. Hann zeta ég að heimsejka áður en ég fór af landinu. Björn og kona hans heimsóttu okkur Rosalind í Englandi sex árum eftir síðasta Íslandssumarið mitt. Það var ánægjuleg heimsókn.“

Yfirgar jarðfræðina

Eftir Íslandsárin fór Gibson til framhaldsnáms til Kaliforníu í Bandaríkjunum, vann lengi við rannsóknir í Oregon, var lektor í Addis Ababa í Eþíópíu ásamt eiginkonu sinni og bjó þar í þrjú ár. Næst starfaði hann við háskólann í Leeds á Englandi og notaði tímann til að skrá rannsóknir sínar frá Eþíópíu. Þá var Gibson fyrirsjáandi við Lundúnaháskóla í sjö ár og vann áfram að Eþíópíurannsóknunum. Þaðan lá leiðin til Kanada í 15 ár, þar sem hjónin unnu bæði sem háskólaprófessorar, hún í Toronto og hann í Waterloo, en þaðan fluttust þau árið 1995 og búa nú í Dunedin á suðureyju Nýja Sjálands. Kona Gibson, Rosalind, er mikilvitur prófessor í næringarfræði við háskólann í Ottago, Nýja Sjálandi. Hún hefur leitt víðamikil rannsóknarverkefni tengd næringarfræði og haldið fyrirlestra og kennt í flestum heimshornum. Gibson er nú sérlegur ritari hennar og aðstöðarmaður og segist hafa lagt jarðfræðina að baki án eftirjar þegar hann flutti frá Kanada fyrir 13 árum. „Vísindarannsóknir eru fyrir ungt fólk með sterkan þekkingarneista,“ segir hann. „Ég lagði fram mín skert og aðrir geta svo fyllt í eyðurnar. Það eina sem eldri vísindamenn geta lagt til er

reynsla, en nýjar rannsóknir eru vettvangur ungs fólks. Walker var afar góður vísindamaður og mér er sönn ánægja að því að styðja safn hans í Breiðdalssetri og hitta námsmennina frá Edinborg. Það er gaman að sjá þá skoða svæði sem við kortlögðum og þeir geta svo uppgötvað nýja hluti og þreytt hugmyndum okkar. Það vantar algörlega að íslenskir jarðfræðingar leggi meiri rannsóknir í þessi svæði hér á Austurlandi því fram er kominn ný þekking og aðferðir frá því við Walker vorum hér að grúska.“

Gibson segir Walker að sumu leyti hafa verið gamaldags vísindamenn, að því leyti að því að skoðaði jarðfræðina nákvæmlega og skrifaði, sem sé mikilvægt að kenna nemendum. „Þetta gerði Walker afar vel. Það er mjög mikilvægt að kenna nemendum að fyrst og fremst þurfi þeir að skoða staðreyndir af mikilli gaungefni. Það er kannski mikilvægasta framlag Walkers til jarðfræðinnar. Ástæða þess að íslenskir jarðvísindamenn hafa ekki skoðað Austurland meira en raun þer vitni er kannski sú að þeir telja að verknið hafi þegar verið unnið. Það er einfaldlega ekki rétt, því enn er margt að rannsaka og leysa úr. Walker var góð byrjun og hægt að byggja frekari athuganir á vönduðum rannsóknum hans.“

Gibson segir Breiðdalssetur eiga mikla möguleika á að fá erlenda rannsóknarhópa til sín. Ekki síst frá Norðurland- Ameríku, þar sem jarðfræðin er górlík íslensku þar sem langflestum sjóðum. „Þið ættrið að leggja áherslu á nemendur þaðan.“

Vonir eru bundnar við að Gibson komi aftur næsta sumur. Þá er að sögn Ómars Bjarka Smárasonar jarðfræðing og eins frumkvöðla að Breiðdalssetri, fyrirhugað að vera með námstefnu um vinnu Walkers á Austurlandi, með innlendum og erlendum þátttakendum.